

ferli, og þess vegna væri allir aðskomendur hans svo þungsinna og fálátir, aðrir kendu þetta fjöllunum, er útilokuðu sólskinid úr dalnum úr því klukkan var 5 um hásumarið.

Uppi yfir bygðinni var arnarhreiður. Það hvíldi á klettsnös lengst uppi í fjallinu. Allir gátu séð, þegar assan lagðist á, en enginn gat komist þangað. Arinn flögðaði um alla sveitina, hér og hvar hremdi hann lamb eða þá kiðling, í eitt skifti tók hann smábarn og flaug burt með það. Það var því ótrygt í sveitinni eins lengi og ernirnir áttu varp uppi á Koldrang. Það var sögn manna, að fyrrum hefði tveir bræður komist upp á dranginn og og steypt hreiðrinu. En nú var enginn sá flugamaður, að það mætti leika.

Hvar sem tveir hittust í sveitinni, töluðu þeir ætis um arnarhreiðrið og varð litið upp þangað. Menn vissu jafnan, hvenær ernirnir voru komnir á ný á vorin, hvar þeir hefði stungið sér niður og drepið, og hver hafði síðast reynt að komast þangað upp. Þeir yngri æfðu sig, frá því þeir voru börn, við að klifra upp kletta og eikur, í glímum og átökum, til þess að geta komist einhvern tíma alla leið upp og rifið hreiðrið eins og bræðurnir forðum.

Í þá tíð, er saga þessi gjörðist, hét fræknasti pilturinn í Indriðaskálum Leifur, og var ættaður utansveitar. Hann var hrokkinhærður, smáeygur, leikfimur vel og yndi allra kvenna. Snemina hafði hann það á orði, að hann skyldi einhvern tíma komast upp að arnarhreiðrinu. Æn eldra fólkini fanst, að honmundi sæmra að geypa minna um það í heyranda hljóði.

En þetta æsti hann upp, og fyr en hann hafði náð fullum þroska, réðst hann í að fara. Það var á heiðum sunnudagsmorgni snemma sumars, og ungarnir gátu naumast verið meira en nýskriðnir úr skurninu. Fólkid hafði tínst saman í stóra þyrpingu neðan við fjallið til að horfa á. Hinir eldri löllu hann fararinnar, en hinir yngri hvöttu. En hann fór að eins sínu fram, beið því þangað til assan flaug af, stökk þá í háa loft, og náði handfesti í tré einu margar álnir frá jörðu. Það óx þar í sprungu, og upp estir sprungunni tók hann að klifra. Smásteinar losnuðu undan fótum hans, mold og sandur félru í skriðu, að